

## Fundargerð 391

Mánudaginn 27. febrúar 2012, kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman að Eiríksstöðum, á 3 hæð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Keflavíkflugvelli. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason, formaður, Ásta Dís Óladóttir, varaformaður, Guðmundur R. Gíslason, Gunnar Svavarsson, Ólöf Hallgrímsdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Árni Snæbjörnsson (við dagskrárlíð 1-2), Hrefna Gunnarsdóttir (við dagskrárlíð 1-2), Garðar Garðarsson hrl. (við dagskrárlíð 3), Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Snorri Björn Sigurðsson, Magnús Helgason, Hjalti Árnason, Sigríður K. Þorgrímsdóttir og Anna Lea Gestsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 10:15, bauð fundarmenn velkomna og lagði fram eftirfarandi dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Ársreikningur 2011, Árni Snæbjörnsson endurskoðandi og Hrefna Gunnarsdóttir innri endurskoðandi koma á fundinn.
3. Erlend lán – lögfræðiálit.
4. Lántaka.
5. Fundargerðir lánanefndar.
6. Framfylgd starfsáætlunar.
7. Kynning skýrslu um byggðalög í vanda – Sigríður K. Þorgrímsdóttir þróunarsviði.
8. Önnur mál.
9. Næsti fundur.

Dagskráin var samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 390 og var hún samþykkt samhljóða og undirrituð. Stjórn ákvað að formanni, varaformanni og forstjóra yrði falið að vakta framgang verkefnalista ársáætlunar og gera stjórn grein fyrir framgang verkefna á hverjum stjórnarfundi með sérstöku minnisblaði.

### 2. Ársreikningur 2011, Árni Snæbjörnsson endurskoðandi og Hrefna Gunnarsdóttir innri endurskoðandi koma á fundinn.

AP fór í stuttu máli yfir rekstur ársins og skýrði þær áhættur sem liggja í rekstri stofnunarinnar.

ÁS fór yfir ársreikninginn (f.skjal 1) og helstu tölur hans. Tap á árinu nam 236 mkr. Eignir námu 17.650 mkr, en lánasafnið hækkaði lítillega úr 13.196 mkr í 13.362 mkr. Skuldir námu 17.383 mkr. og eigið fé var 226 mkr. Eiginfjárlutfall stofnunarinnar er því 1,34%. Stofnunin stóðst ekki eiginfjárkröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja en Alþingi samþykkti í fjárlögum 2012 heimild til að efla eigið fé Byggðastofnunar um allt að 2.000 mkr. Af því framlagi voru 1.750 mkr greiddar til stofnunarinnar í janúar 2012. Að auki greiddi ríkissjóður 1.000 mkr til stofnunarinnar í árslok 2011 til

að auka eigið fé stofnunarinnar skv. fjárlögum 2011. Eiginfjárlutfall stofnunarinnar hækkaði með því framlagi sem greitt hefur verið í 10,11% miðað við efnahagsreikning stofnunarinnar í árslok. Þegar eftirstöðvar heimildarinnar verða greiddar stofnuninni mun eiginfjárlutfall hennar fara í 11,37%. Ákvæðum laga um fjármálfyrirtæki um eiginfjárlutfall voru því uppfyllt í upphafi árs 2012. Handbært fé í ársbyrjun var 1.876 mkr en er í árslok 2.464 mkr. Álit endurskoðanda er án fyrirvara.

...

Formaður bar upp ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2011 og var hann samþykktur samhljóða.

ÁS og HG viku af fundi.

### 3. Erlend lán – lögfræðiálit.

HÁ fór yfir minnisblað sem unnið var um lögmæti lánasamninga Byggðastofnunar í erlendri mynt að beiðni stjórnar.

GG kom inn á fundinn og ræddi um álit, sem hann gerði að beiðni stofnunarinnar þann 16. ágúst 2010, um lánasamninga Byggðastofnunar eftir dóma Hæstaréttar Íslands í júní það ár.

...

GG vék af fundi.

### 4. Lántaka

...

### 5. Fundargerðir lánanefndar.

*Fundargerð lánanefndar nr. 2/12, 22. febrúar 2012.*

AP fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerðin staðfest.

### 6. Framfylgd starfsáætlunar.

Lagt var fram yfirlit yfir stöðu rekstrar og verkefna hjá stofnuninni. SBS fór yfir nokkur stór verkefni sem til stendur að Byggðastofnun vinni að á næstunni. Formaður og forstjóri munu útbúa yfirlit um stöðu 25 tölusettra verkefna úr starfsáætlun stjórnar sem uppfært verður fyrir hvern stjórnarfund.

### 7. Kynning skýrslu um byggðalög í vanda – Sigríður K. Þorgrímsdóttir þróunarsviði.

Liður sem upphaflega var númer 4, var færður aftast á dagskrá.

SKP kynnti skýrslu (f.skjal 5) um byggðarlög þar sem fólksfækkun er yfir 15% á árunum 1994-2009. Svæðið nær yfir 30 sveitarfélög með 27 þúsund íbúum. Markmið með skýrslunni er að þessar upplýsingar verði tiltækar og nýtist stjórnvöldum við stefnumótun og byggðaaðgerðir.

ÞB lagði til að rætt verði á næsta fundi hvernig staðið verði að kynningu skýrslunnar og um framhaldsverkefni um þau byggðarlög þar sem þróunin er svo neikvæð að þau eru beinlínis í hættu.

Samþykkt samhljóða.

## 8. Önnur mál

...

## 9. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn á 30. mars á Sauðárkróki og stefnt er þar næst á 27. apríl á Snæfellsnesi. Nánari tímasetning verður ákveðin síðar.

Að dagskrá lokinni kom fulltrúi frá Isavia ohf, Elín Árnadóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs, með kynningu á starfsemi félagsins og þýðingu þess fyrir landsbyggðina. Þar á eftir komu fulltrúar SSS, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Ólafur Þór Ólafsson formaður stjórnar og Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri, og kynntu Heklu, nýstofnað atvinnuþróunarfélag Suðurnesja.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20

Anna Lea Gestsdóttir, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____